



Ársskýrsla 2009



Vertu á grænni grein ...

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Starfsemin 2009	3
Fjármögnun og rekstur	4
Stjórnun Starfsmenntar	5
Samstarfsaðilar	6
Starfsmannahald og starfsþróun	6
Heimasíða, útgáfur og kynningarstarf	7
Nám og þjónusta	8
Starfstengdar námsleiðir	9
Á vettvangi- námsleið fyrir læknaritara	9
Áfengis- og vímuefnaráðgjafar	10
Brúarnám fyrir verðandi félagsliða	10
Brúarnám fyrir verðandi heilbrigðisritara	10
Heilsa – námsleið fyrir starfsfólk á heilbrigðisviði	10
Hæfni – námsleið fyrir heilbrigðisritara	10
Járnsíða- námsleið fyrir starfsfólk sýslumannsembætta	10
Skil – námsleið fyrir starfsmenn á innheimtusviði tollstjóra	11
Skrifstofubraut I og II	11
Starfsnám stuðningsfulltrúa – grunnur og framhald	11
Tryggingastofnun ríkisins	11
Vinnumálaskólinn – námsleið fyrir starfsfólk Vinnumálastofnunar	11
Vísdomur – námsleið fyrir starfsmenn héraðsdómstóla	12
Almenn námsleið og tölvunám	12
Árangursrík kennsla og námsumhverfi á netinu	12
Enska fyrir atvinnulífið	12
Fjarkennt tölvunám	12
Framrás og Reksþölur	13
Mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu	13
Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum	13
Verkefnastjórnun – vinnulag sem virkar	13
Þjónustustjórnun	13
Þjónusta við stofnanir	14
Ráðgjafi að láni	14
Farandfyrirlestrar	14
Þróunarverkefni	15
Lokaorð	16
Skráningar á námsleið 2009	17

Starfsemin 2009

Fræðslusetrið Starfsmennt hélt áfram að vaxa á áttunda starfsárinu þrátt fyrir óvissu á vinnumarkaði og endurmats innan stofnana í kjölfar efnahagshrunsins. Setrið sýndi að það býr yfir nægjanlegum sveigjanleika til að sækja á ný mið og þróa og kynna mikilvægar áherslur í starfstengdri símenntun og þjónustu við stofnanir. Starfsmennt er samstarfsvettvangur ríkisins og flestra stéttarféлага BSRB um starfsþróun og símenntun. Markmið setursins eru að koma til móts við breytingar á starfsumhverfi og störfum starfsfólks með fræðslu og ráðgjöf. Setrið var stofnað árið 2001 og starfar á grunni bókana í kjarasamningum á milli fjármálaráðuneytisins og flestra stéttarféлага ríkisstarfsmanna innan BSRB. Öll þjónusta Starfsmenntar er því félagsmönnum aðildarfélaganna að kostnaðarlausu en einnig aðgengileg öðrum hópum gegn gjaldi. Sjálfseignastofnanir eiga einnig aðild að setrinu og þá hafa félög bæjarstarfsmanna gert sérstaka samninga fyrir sitt fólk.

Þjónusta Starfsmenntar var á árinu aðlöguð að breyttum aðstæðum og nýjum þörfum starfsmanna og stjórnenda. Vegna anna drógu margar stofnanir úr framboði sínu á starfstengdri símenntun og frestuðu verkefnum en um leið jókst eftirspurn eftir annarri þjónustu setursins. Heildarútgjöld ársins voru ívið hærrí en árið á undan eða 89.579.101 en heildartekjur setursins hækkuðu töluvert eða um tæp 18%. Aukning á tekjum á milli ára ræðst aðallega af ríflega fjórföldunar á sértekjum og námskeiðsgjöldum vegna meiri þátttöku utanfélagsmanna og styrkjasókn setursins. Lítillega dró úr þátttöku ríkisstarfsmanna í hefðbundið starfstengt nám en ásókn í aðra þjónustu jókst eins og í almennt þverfaglegt nám, Ráðgjafa að láni og fræðsluhönnun. Rafrænum skráningum á námskeið fækkaði um tæplega 40% milli ára og skýrist það bæði af því að fækkun varð á styttri námskeiðum stofnana um leið og fleiri lengri almenn námskeið voru haldin. Þá var stofnunum í sjálfsvald sett hvort þær nýttu vefkerfi Starfsmenntar fyrir margskonar þjónustu sem kallað var eftir.

Margskonar millistjórnendanám og nám fyrir starfsfólk sem axlað hefur aukna ábyrgð í starfi gekk vel ásamt námi fyrir starfsfólk heilbrigðis- og félagsgreina. Einnig var hagnýtt enskunám vel sótt og skrifstofu- og þjónustustjórnunarnám. Aðsókn minnkaði í fjarkennt tölvunám setursins og mörg samskiptanámskeið sem lengi hafa verið kennd. Áhugi var meiri á mjög sérhæfðu og hagnýtu námi sem varðar beint ákveðin störf eða fagsvið. Ný verkefni voru þróuð eða gangsett m.a. með styrk frá Starfsmenntaráði og reynt var að koma til móts við vaxandi atvinnuleysi með viðeigandi námstilboðum og uppsetningu úrræða. Nýtt nám sem þróað var á árinu var. t.d. Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum, Talsmaður lærdóms, Nám fyrir starfsfólk á innheimtusviði tollstjóra, námslotur fyrir ýmsa starfmenn á heilbrigðissviði, framhaldsnám fyrir félagsliða, Launaskólinn og Nýr vettvangur fyrir atvinnuleitendur. Þá var unnið að nýrri framsetningu starfsmenntunar fyrir stofnanir til að auðvelda yfirsýn og uppsetningu símenntunaráætlana.

Kynningar- og útgáfumál skipuðu veglegan sess hjá Starfsmennt á árinu. Gefin var út gæðamappa Starfsmenntar þar sem hlutverk setursins og vinnulag var kynnt og unnið að bæklingi um starfsþróun. Þá eru gefnir út námsvísar á hvorri önn og vefréttarbréf sent út mánaðarlega. Öflugt kynningarstarf skilaði sér m.a. í auknum áhuga á þjónustu setursins utan raða félagsmanna. Starfsmennt tók því virkan þátt í margskonar samstarfi við önnur stéttarfélög, fræðslusjóði og fræðslusetur aðila vinnumarkaðarins og setti m.a. upp samstarfsverkefni með Sambandi íslenskra sveitarféлага um nám fyrir launafulltrúa og vann að þróun náms- og starfsráðgjafar fyrir atvinnuleitendur m.a. í samstarfi við Vinnumálastofnun. Þá voru starfsmenn setursins virkir í eigin hæfnisuppbyggingu og sóttu námskeið og ráðstefnur héraendis sem erlendis. Á árinu lauk einnig evrópsku samstarfsverkefni sem varað hefur í 2 ár, þar sem 19 sérfræðingar í símenntun fóru utan í vikufærðir til að kynna sér nýjungar á sínu fagsviði og miðla áfram. Árið var einnig nýtt til að styrkja innra starf setursins s.s. uppfærslu gagnagrunna, vefkerfis og verkferla en þrír starfsmenn unnu hjá Starfsmennt.

Starfsmennt kemur afar vel undan róstudömu ári og náði að halda merkjum símenntunar á lofti þrátt fyrir deyfð og doða í upphafi árs. Ljóst er að mörg verkefni eru framundan á sviði símenntunar og starfsþróunar og eitt það brýnasta er að ná aftur eyrum starfsmanna og stjórnenda og aðstoða stofnanir við að raungera starfsþróun og efla starfshæfni. Símenntun er samofin þróun starfa og Starfsmennt getur lagt stofnunum lið með því að hanna og halda utan um sérsniðið nám stofnana, bjóða upp á ráðgjafþjónustu og halda áfram að vekja fólk til vitundar um mikilvægi málaflokksins. Þessi þjónusta er sérstaklega mikilvæg þar sem margskonar breytingar hafa verið boðaðar á ríkisstofnunum sem munu hafa áhrif á störf og verkefni. Unnið er að því hjá Starfsmennt að þróa svokallaða stofnanaskóla sem æskilegt er að rími við formlega skólakerfið til að tryggja að allt nám nýtist hvar sem það er stundað. Einnig þarf áfram að vinna að gæðum í fullorðinsfræðslu og efla samstarf við alla hagsmunaaðila til að auðvelda aðgengi að og efla þátttöku í símenntun. Aukin menntun og þjálfun starfsfólks er besta svarið til að bregðast við hröðum breytingum á störfum, verkefnum og starfsumhverfi og tryggja um leið hag einstaklinga, stofnana og samfélags.

Fjármögnun og rekstur

Útgjöld ársins 2009 voru lík fyrra ári en þó ívið hærri eða kr. 89.579.101 en tekjur setursins jukust um 18% aðallega vegna tæplega fimmföldunar á sértekjum sem fólust í aukinni þátttöku utanfélagsmanna, stéttarfélaganna og fræðslusjóða í nám og þjónustu Starfsmenntar. Einnig voru starfsmenn setursins öflugir í umsóknum um styrki í samkeppnisjóði. Á árinu var kallað eftir meirihluta áætlaðra framlaga frá þróunar- og símenntunarsjóðum SFR og bæjarstarfsmannafélaga hjá ríkinu, þar sem starfsemin einkenndist af óvissu um afdrif ýmissa námsleiða en oft drógu stofnanir sig í hlé á síðustu stundu og nám féll niður eða var slegið á frest. Þá dró mikið úr greiðslum á ferða- og dvalarstyrkjum vegna náms fjarri heimabyggð m.a. vegna þess að fleiri námskeið voru haldin í héraði eða fjarkennd. Rekstrarafgangur ársins var 16.852.202 og hrein eign í árslok var kr. 28.477.420.

Setrið hélt vel sjó á árinu í framkvæmd verkefna og sýndi að það býr yfir nægjanlegum sveigjanleika til að sækja á ný mið og þróa og kynna mikilvægar áherslur í símenntun og starfsþróun. Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda er afar svipuð á milli ára eins og sjá má í töflu hér fyrir neðan en hækkandi hlutfall launakostnaðar síðustu tveggja ára skýrist með annarskonar framsetningu í bókhaldi þar sem dagpeningar og þóknun stjórnar eru reiknaðir með. Þá minnkar hlutur náms og þjónustu lítillega á árinu um leið og annarskonar rekstrarkostnaður eykst s.s. áhersla á kynningar- og útgáfumál.

Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda	2009	2008	2007	2006
Launakostnaður	23%	22%	18.5%	17%
Annar rekstrarkostnaður	17%	14%	14.6%	22%
Nám og þjónusta	60%	64%	66.9%	61%
Alls	100%	100%	100%	100%

Framlög til setursins á árinu skiptast sem hér segir og má sjá á næstu töflu samanburð á hlutfalli framlaga síðustu ára. Hlutfallslega mest aukning varð á sértekjum setursins á árinu 2009 en aðrir tekjuliðir voru sambærilegir við síðustu ár og ýmist jukust eða minnkuðu lítillega.

Hlutfallslegar rekstrartekjur setursins	2009	2008	2007	2006	2005
Framlög skv. skilagreinum frá stofnunum	53,2%	65,3%	53,5%	62,5%	62,6%
Þróunar- og símenntunarsjóður SFR	33,2%	28%	38,5%	27,8%	29,4%
Þróunar- og símenntunarsjóður bæjarstarfsmannafélaga hjá ríkinu	3,1%	4%	3,3%	3,7%	3,7%
Námskeiðsgjöld og styrkir	10,5%	2,7%	4,7%	6%	4,3%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%

Stjórnun Starfsmenntar

Stjórn setursins var óbreytt á árinu en hún er skipuð tveimur fulltrúum frá annarsvegar stéttarfélagunum og hinsvegar frá stjórnendum og fjármálaráðuneyti.

Aðalmenn:

- Árni Stefán Jónsson formaður (SFR)
- Guðmundur H. Guðmundsson varaformaður (Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins)
- Arna Jakobína Björnsdóttir (KJÖLUR)
- Ásgeir M. Kristinsson (Mannauðssvið Landspítala – tilnefndur af fjármálaráðuneyti)

Varamenn:

- Jóhanna Þórdórsdóttir (SFR)
- Ásta Lára Leósdóttir (Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins)
- Þórveig Þormóðsdóttir (Félag starfsmanna stjórnarráðsins)
- Sverrir Jónsson (Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins)

Framkvæmdastjóri var Hulda Anna Arnljótsdóttir.

Stjórnin hélt sjö fundi á árinu og þar af tvo með varastjórn. Ársfundur var haldinn 28. maí þar sem Kristrún Ísaksdóttir, deildarsérfræðingur hjá menntamálaráðuneytinu fjallaði um hugmyndafræði og nýjar áherslur í framhaldsskólalögunum, auk hefðbundinna aðalfundarstarfa. Þá var sérstakur jólafundur haldinn 10. desember þar sem gestur fundarins var Soffía Waag Árnadóttir verkefnastjóri hjá Keili – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, sem ræddi þróun námsframboðs í margvíslegu samstarfi við hagsmuna- og fræðsluaðila.

Skoðunarmenn ársreikninga fyrir aðila setursins voru þær Ása Clausen og Guðný E. Leifsdóttir.

Löggiltir endurskoðendur voru frá endurskoðunarskrifstofunni Ernst & Young.

Samstarfsaðilar

Aðildarfélög að Starfsmennt eru nú 17 félög innan BSRB. Öll aðildarfélögin fá sendar fundargerðir stjórnar og kynningarefni og var boðað til sameiginlegs fundar Starfsmenntar og félaganna í september til að ræða ársskýrslu 2008 og kynna ársreikninga ásamt því að ræða þróun og horfur í símenntun starfsfólks.

Starfsmennt á í víðtæku samstarfi við fræðsluaðila, kennara og sérfræðinga um allt land og leggur áherslu á faglegt samstarf á sviði símenntunar. Starfsmennt gerir samninga um framkvæmd kennslu og þjálfunar við marga aðila og notar vefkerfi setursins til að halda utan um og kynna nám um allt land. Þá hefur einnig færest í vöxt að námskeið eru haldin á vinnustað og á þann hátt er lærdómsmenning innan stofnana eflid. Starfsmennt sendir öllum samstarfsaðilum veffréttabréf og námsvísa og tryggir þannig að fræðsluhaldarar um allt land geti fylgst með starfinu. Helstu samstarfsaðilar sem tóku að sér framkvæmd náms má sjá hér fyrir neðan en Starfsmennt gerir einnig samninga við fjölda sjálfstæðra einstaklinga sem mynda mun stærra samstarfs- og tengslanet.

Borgarholtsskóli
BSRB húsið
Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
Framhaldsskólinn á Húsavík
Framvegis ehf.
Fræðslunet Suðurlands
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Enskuskólinn
Fjölbrautaskólinn við Ármúla
Gerðuberg menningarmiðstöð
Gerum betur ehf.
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Menntaskólinn í Kópavogi
Mímir símenntun ehf.
Námsflokkar Hafnarfjarðar
Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Mínerva slf.
Endurmenntun Háskóla Íslands
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar
Símenntunarmiðstöð Vesturlands
ORB tölvuskólinn ehf.
Þekkingarmiðlun ehf.
Þekkingarnet Austurlands

Starfsmannahald og starfsþróun

Þrjú heil stöðugildi eru hjá Starfsmennt og í lok ársins var hafist handa við að ráða náms- og starfsráðgjafa í tímabundið hlutastarf til að sinna ráðgjöf við atvinnuleitendur. Auk framkvæmdastjóra starfa tveir verkefnastjórar á setrinu sem báðir hafa nauðsynlegan kennslufræðilegan grunn til að halda utan um og hanna nám og geta gengið í þau fjölbreyttu verkefni sem einkenna litla vinnustaði. Verkefnastjórnir eru Björg Valsdóttir og Guðbjörg Sigurðardóttir sem báðar voru í fullu starfi. Innan setursins var unnið að skráningu verkferla fyrir gæðakerfi og uppfærslum á tölvukerfi og gagnagrunnum s.s. aðgangsstýringarkerfi í nám. Þá sóttu starfsmenn margskonar námskeið og ráðstefnur til að nema nýja strauma.

Framkvæmdastjóri fór í tvær ferðir erlendis á árinu til að kynna sér fyrirmýndarverkefni í símenntun og ráðgjöf. Í báðum tilfellum voru styrkir nýttir til fararinnar. Cedefop sem er miðstöð

starfsmenntunar í Evrópu bauð framkvæmdastjóra til að taka þátt í ráðstefnu um hlutverk hagsmunaaðila í starfstengdri símenntun sem haldin var í Þessalóníkú í Grikklandi 8-10. febrúar. Einnig fékk framkvæmdastjóri styrk til að sækja tengslaráðstefnu í Prag 4-6. júní til að kynna fyrirmyndarverkefnum á sviði evrópsk samstarfs innan menntaáætlunar Evrópusambandsins. Í framhaldi að þeirri ferð var farið til Kaupmannahafnar þar sem við tók 5 daga námsferð í samstarfi við fjármálaráðuneyti, Sambandi íslenska sveitarfélaga og Stofnun stjórnarsýslu og stjórn mála við Háskóla Íslands. Starfsmennt kom að undirbúningi þeirrar ferðar og útvegaði öllum þátttakendum styrki úr evrópsku starfsmannaskiptaverkefni sem lauk á árinu.

Starfsmennt útvegaði alls 19 sérfræðingum styrki til vikufærða erlendis, yfir tveggja ára tímabil, til að kynna sér nýjungar hver á sínu sviði með það fyrir augum að innleiða það áhugaverðasta á Íslandi. Björg Valsdóttir fékk styrk til vikufærðar í samfloti með *Ráðgjafa að láni* til Kaupmannahafnar. Starfskonur Starfsmenntar sóttu einnig námskeið og ráðstefnur innanlands til að efla sig í starfi s.s. um menntamál, ráðgjöf og vinnumarkaðsmál eða fengu þjálfun í tölvukerfum og netsamskiptum. Þá sat framkvæmdastjóri ráðstefnur um sömu málaflokka s.s um heildasýn í menntamálum sem haldin var á vegum norrænu ráðherranefndarinnar í september á Íslandi og í nóvember sat ein starfskona Starfsmenntar norræna ráðstefnu um starfsgetu, atvinnusköpun og verðmætasköpun. Starfsmennt leggur áherslu á að uppfæra þekkingu og framtíðarhæfni starfsfólks og stjórnar með þátttöku í úrvals ráðstefnum og námi og auka þannig getu setursins til að takast á við ný verkefni og innleiða nauðsynlegar nýjungar í símenntun.

Heimasíða, útgáfur og kynningarstarf

Starfsmennt hefur unnið markvisst að því að kynna starfsemi setursins með vönduðu kynningarefni sem ætlað er að miðla fagmennsku í símenntun og efla vitund fólks um mikilvægi málaflokksins. Setrið gefur því út námskeiðsbæklinga tvisvar á ári þar sem allt námsframboð setursins er tíundað og er upplagið um 8500 eintök sem dreift er til allra félagsmanna aðildarfélaganna og stofnana. Starfsmennt sendir einnig út mánaðarlega veffréttabréf þar sem sagt er frá því helsta sem er á döfinni. Veffréttabréfið er hluti af sérhönnuðu vefkerfi Starfsmenntar þar sem auðvelt er að tengja í bakskjöl og inn á skráningarsíður námskeiða og hefur þessi framsetning skilað mörgum í nám. Starfsmennt nálgast einnig markhóp sinn með sérstökum útsendingarlistum stofnana eða starfsgreina. Samkvæmt könnun sem gerð var á heimasíðu setursins kom í ljós að rúmlega helmingur þátttakenda telur rafrænar kynningar ná mjög vel til notenda.


Starfsmennt gaf út veglega gæðamöppu þar sem stefnumið og áherslur í starfsemi setursins eru tíunduð. Markmiðið með útgáfunni var að auka skýrleika og einfaldleika í kynningu á gæðamálum í símenntun og var liður í mótun gæðastarfs setursins og framtíðarþróun þess. Í útgáfunni er gerð grein fyrir hvers samstarfsaðilar mega vænta af þjónustu setursins og helstu áherslum og leiðum í starfi. Gæðamappan var gefin út í 100 eintökum en einnig rafrænt og hlaut góðar viðtökur m.a. á BSRB þingi ársins. Ársskýrsla setursins var einnig gefin út í stærra upplagi en vanalega og dreift á þinginu. Framkvæmdastjóri kynnti starfsemina víða s.s. í prentmiðlum, í skólum, fyrir erlenda hópa og á ráðstefnum og reglulega eru skrifaðar greinar í SFR-félagstíðindi og auglýsingaefni sent til allra aðildarféлага. Þá tók Starfsmennt þátt í samstarfshópum á sviði menntunar s.s. um vaxandi atvinnuleysi og brotthvarf úr námi og þróaði náms- og starfsráðgjöf fyrir atvinnuleitendur. Á árinu var einnig unnið að bæklingi um starfsþróun í samstarfi við Starfsafl, Ríkismennt, Landsmennt og Sveitamennt en verkinu lauk ekki.

Vefkerfi og heimasíða Starfsmenntar var áfram í þróun á árinu og sjónum aðallega beint að uppfærslu gagnagrunna og aðgangskerfa. Sett var upp samstarfsverkefni við DK hugbúnað um að sérhanna aðgangskerfi fyrir Starfsmennt úr frá gagnagrunnum og vefþjónusta efl. Vel hefur tekist til með útgáfur og kynningarmál Starfsmenntar á árinu sem meðal annars sést á auknum áhuga

nemenda utan raða Starfsmenntar í nám setursins en leita þarf leiða til að ná enn betur til félagsmanna í gegnum stéttarfélögin og þá sérstaklega til yngri hópa og þeirra sem aldrei hafa stundað nám á vegum setursins. Þá virðist sem þeir stjórnendur sem uppgötvað hafa Starfsmennt nýti sér þjónustuna oftast en einu sinni en stór hópur stjórnenda ríkisstofnana leitar ekki til setursins þrátt fyrir kynningarstarfið og markpósta beint til þeirra.

Nám og þjónusta


Sú breyting varð á námskeiðahaldi Starfsmenntar á árinu að hlutur starfstengdra námsleiða stofnana eða einstakra starfshópa minnkaði lítillega en þátttaka í almennum þverfaglegum námskeiðum jókst ásamt sérsniðinni þjónustu fyrir stofnanir. Þá minnkaði aðsókn áfram í fjarkennt tölvunám. Útgjöld vegna náms og þjónustu voru svipuð síðasta ári þó svo breyting yrði á hlutfalli einstakra þjónustuliða. Hlutfall starfstengdra námsleiða lækkaði úr rúmum 57% í 52% milli ára og hlutur fjarkennds tölvunáms lækkaði einnig úr tæpum 20% í 12%. En hlutfall almennra þverfaglega námskeiða hækkaði milli ára úr 18% í 26% og þjónusta við stofnanir jókst úr rúmum 5% í 10%.



Fækkun varð á milli ára á fjölda uppsettra námskeiða stórra sem smærri um 20 námskeið ásamt fækkun á skráningum á vef úr 3.570 í 2.158. Þessi fækkun á skráningum skýrist bæði af því að færri þátttakendur tóku þátt í námi á árinu og að fleiri lengri námskeið en styttri voru haldin eins og t.d. skrifstofunám og enskunám til eininga. Um leið og dró úr þátttöku í námi voru ný verkefni þróuð og gangsett þar sem hugað var að eflingu fagmennsku og framtíðarhæfni starfa. Einnig var sótt um styrki til samstarfsverkefna í gegnum samkeppnissjóði sem báru árangur. Nýtt nám sem þróað var á árinu var. t.d. Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum, Talsmaður lærdóms, Nám fyrir starfsfólk á innheimtusviði tollstjóra, námslotur fyrir ýmsa starfsmenn á heilbrigðissviði, framhaldsnám fyrir félagsliða, Launaskólinn og Nýr vettvangur fyrir atvinnuleitendur.

Allt nám Starfsmenntar er félagsmönnum aðildarfélaganna að kostnaðarlausu og í mörgum tilfellum opið utanfélagsfólki sem þá greiða gjald. Mikil aukning varð á árinu í þátttöku nemenda utan raða Starfsmenntar en hlutfallslega þátttöku félagsmanna innan aðildarfélaganna má sjá á töflu á næstu síðu. Ljóst er að vel hefur náðst að kynna starfið meðal stærsta félagsins SFR en þátttaka félagsmanna innan annarra aðildarfélaganna er minni en búast mætti við. Nauðsynlegt er að skoða hvernig og hvort kynna megi starfseminna með öðrum og víðtækari hætti en nú er gert t.d. með meiri hvatningu fleiri hagsmunaaðila eins og stéttarfélaganna og stjórnenda. Eftirtektarverð er góð þátttaka sjúkraliða sem standa utan Starfsmenntar í stuttu samstarfsverkefni sem sett var upp á árinu sem sýnir hvernig ná má góðum árangri ef allir hagsmunaaðilar leggast á eitt við að styðja við nám.

Hlutfallsleg skráning félagsmanna stéttarféлага



Starfstengdar námsleiðir

Starfsmennt býður stofnunum og starfshópum upp á sérsniðnar starfstengdar námsleiðir þar sem bæði er gætt að fagmennsku og sveigjanleika. Námsleiðir Starfsmenntar mynda heildarnámsskerfi stofnana eða faghópa og geta verið 20 – 240 stundir. Náminu er ýmist skipt upp í sjálfstæð námskeið eða sérhæfðar námslotur sem starfsmenn velja úr í samræmi við eigin fræðsluþarfir og framtíðarsýn stofnana. Stýrihópar starfa innan flestra námsleiða og eiga þar sæti jafnmargir starfsmenn og stjórnendur. Stýrihóparnir ráða hraða, framboði og fyrirkomulagi náms. Þeir geta einnig breytt áherslum og inntaki námsins ef breytingar verða á starfsumhverfi og tryggt þannig að nám úreldist ekki. Námsleiðir Starfsmenntar eru í senn einstaklingsmiðaðar og sameiginlegar öllum starfsmönnum tiltekinna stofnana sem þeirra símenntunarkerfi. Þær ríma við starfsmarkmið stofnana og eru rauði þráðurinn í fræðslustarfi þeirra. Starfsfólk hefur því yfirsýn yfir símenntunarkerfi stofnunar í heild sinni en ferðast um það á sinn einstaka hátt. Vefkerfi Starfsmenntar er nýtt við skráningar, samskipti, miðlun námsgagna og við úrskrift en nám er ýmist haldið hjá fræðsluaðilum, skólum, á vinnustað eða á vegum Starfsmenntar í BSRB húsinu.

Á vettvangi- námsleið fyrir lækningaritara

Lækningaritarar sóttu þrjár námslotur á vegum Starfsmenntar á árinu sem er minna en undanfarin ár. Stýrihópur hefur verið starfandi í nokkur misseri og í honum eiga sætir auk Starfsmenntar, fulltrúar fagfélagsins og frá Landspítalanum-skrifstofu mannauðsmála. Tvær námslotur voru haldnar hjá Endurmenntun Háskóla Íslands þar sem fjallað var um *Aðstoðarmann stjórnenda* og *Trúnað og miðlun upplýsinga* en *Starfstengd enska* var haldin í húsi BSRB. Boðið var upp námskeið í *Gagnavinnslu SPSS* bæði í Reykjavík og á Akureyri en áhugi var lítill þegar á reyndi.

Áfengis- og vímuefnaráðgjafar

Starfsmennt fór í samstarf við SÁÁ á árinu með það að markmiði að þróa áfram nám fyrir starfandi áfengis- og vímuefnaráðgjafa. Stefnt var að því að þróa nám SÁÁ fyrir stærra markhóp en nú er s.s. fyrir starfsmenn á geðsviði Landspítala en ekki komst skriður á málið m.a. vegna þess að verið var að hanna formlegt nám á vegum annarra aðila og ákveðið var að bíða eftir niðurstöðum þess hóps til að forðast tvíverknað. Starfsmennt hélt þó utan um eina námslotu á haustönninni sem 20 starfsmenn tóku þátt í. Brýnt þykir að samhæfa menntun þessa hóps í breiðu samstarfi allra hagsmunaaðila til að auka gegnsæi, skýrleika og hagkvæmni og er því beðið átekta.

Brúarnám fyrir verðandi félagsliða

Starfsmennt hefur boðið upp á brúarnám fyrir verðandi félagsliða í samstarfi við Borgarholtsskóla í nokkur ár og undanfarið einnig í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar eða framhaldsskóla í heimabyggð. Góð aðsókn hefur verið í brúna þar sem starfsreynsla og þátttaka í starfstengdum námskeiðum er metin til framhaldskólaeininga og þar með styttest hefðbundið félagsliðanám um 50 einingar. Brúarnámið í Borgarholtsskóla er kennt bæði staðbundið og í dreifnámi og hefur mjög góð þátttaka verið í þessu námi undanfarin ár. Að þessu sinni tóku 16 manns þátt í staðbundnu námi hjá skólanum og 22 í fjarnámi á báðum öðrum. Um 20 félagsmenn útskrifuðust þar á árinu en þátttaka hefur farið minnkandi undanfarið og ljóst að raunfærnimat mun taka við að brúarnáminu innan tíðar. Þá stunduðu 10 manns nám hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og 3 hjá Mími símenntun.

Brúarnám fyrir verðandi heilbrigðisritara

Starfsmennt hefur verið í samstarfi við Fjölbrautaskólann við Ármúla vegna brúarnáms verðandi heilbrigðisritara og hófu 6 nemendur nám á vorönn 2009. Um er að ræða 35 eininga nám sem staðið hefur starfandi heilbrigðisriturum til boða í samstarfi við Þróunar- og símenntunarsjóð SFR. Aðsókn hefur lítillega minnkað frá fyrra ári en nýverið var námið stækkað töluvert eða úr 20 einingum í 35 og inntökuskilyrði hert.

Heilsa – námsleið fyrir starfsfólk á heilbrigðissviði

Heilsa er námsleið sem hönnuð var í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni. Boðið var upp á þrjú námskeið innan Heilsu á árinu, sérstaklega fyrir sjúkraliða sem byggð voru upp út frá niðurstöðum *Ráðgjafa að láni*. Námskeiðin voru afar vel sótt en tvö þeirra sem haldin voru hjá Framvegis fjölluðu um *Réttindi sjúklinga* og *Breytingar í vinnuumhverfi*. Um 75 þátttakendur sátu námskeiðin. Þá tóku 123 sjúkraliðar þátt í fjarkenndu grunnnámi á tölvur.

Hæfni – námsleið fyrir heilbrigðisritara

Á árinu var farið af stað með þrjár rúmlega 20 stunda námslotur fyrir heilbrigðisritara út frá ákveðnum þemum. Námið var hannað með stýrihópi sem í áttu sæti Félag heilbrigðisritara, skrifstofa mannauðsmála Landspítalans, Starfsmennt og Fjölbrautaskólinn í Ármúla. Um 16 manns luku námslotum um *Starfstengda ensku* og *þjónustustjórnun* en námskeið um úrval fyrra náms féll niður.

Járnsíða- námsleið fyrir starfsfólk sýslumannsembættanna

Þátttaka í námi innan Járnsíðu var góð á árinu og var boðið upp á 8 námskeið í samstarfi við stýrihópinn og einstaka embætti. Flest námskeiðin voru haldin á höfuðborgarsvæðinu og voru þau mjög sérhæfð enda sérsniðin fyrir starfsmenn sýslumannsembættanna. Starfsmennt greiddi ferða- og dvalarstyrki til nemenda sem komu langt að. Fella þurfti niður tvö námskeið sem ekki náðist næg þátttaka í. Stýrihópurinn hittist tvisvar á árinu til að meta námið og ákveða framhaldið en í honum eiga sæti auk Starfsmenntar, 3 sýslumenn og 3 starfsmenn. Námskeiði voru afar vel sótt en undir lok ársins var dregið úr fyrirhuguðu námi fyrir árið 2010 vegna anna hjá embættunum.

Skil – námsleið fyrir starfsmenn á innheimtusviði tollstjóra

Starfsfólk tollstjóra hóf samstarf við Fræðslusetrið Starfsmennt á árinu með nýrri námsleið fyrir starfsmenn á innheimtusviði sem nefnd var SKIL. Námsleiðin var þróuð af hópi starfsmanna tollstjóra og Starfsmenntar með fulltingi *Ráðgjafa að láni* og var markmið námsins að auka hæfni, gæði samskipta og þjónustu starfsmanna embættisins. Kennt var hjá embættinu fyrst á morgnana tvisvar í viku alla veturinn fyrir 12 manna hóp. Námsleiðin er alls 228 klukkustundir, sem skiptist í tvo efnislega kjarna, verklegt nám og val og voru kenndir 5 námsþættir úr kjarna á haustönn.

Skrifstofubraut I og II

Starfsmennt býður upp á skrifstofubraut í fjarnámi fyrir þann stóra hóp sem vinnur fjölbreytt skrifstofustörf. Námið er í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi og er ætlað að efla almenna og sérhæfða færni í íslensku, ensku, bókhaldi, rekstri og skipulagi verkefna. Boðið var upp á nám á skrifstofubraut I og II og raunfærnimat fyrir reynda starfsmenn. Námið fékk góðar móttökur hjá félagsmönnum en 30 manns hófu nám á 1. önn, 8 manns voru metnir inn í námið þar sem flestir þeirra hófu nám á 2. önn. Mörgum þótti námið um of bóklegt og bauð Starfsmennt því nemendum upp á náms- og starfsráðgjöf og kennslu í námstækni til að létta þeim róðurinn. Samstarfið við MK sýndi svart á hvítu ólíkar áherslur í námi fyrir fullorðna sem annarsvegar stunda nám innan framhaldsskóla og hinsvegar í fullorðinsfræðslu og vakti upp spurningar um mismikið álag og kröfur á nemendum.

Starfsnám stuðningsfulltrúa – grunnur og framhald

Hér er um að ræða lengsta nám sem Starfsmennt býður upp á og sá Framvegis um framkvæmd þess. Á árinu 2009 var mjög góð þátttaka allt árið í bæði grunn- og framhaldsnámið. Alls skráðu 64 einstaklingar sig í grunnnámið og 54 í framhaldsnámið þar af 12 í fjarnám á Ísafirði og Egilsstöðum. Þetta heildstæða starfsnám stuðningsfulltrúa er vel þekkt innan félags- og heilbrigðisgeirans og sýnir sá fjöldi sem sækir þetta nám hve það er mikils metið. Enda er leiðin greið fyrir starfsmenn sem uppfylla tiltekin skilyrði að komast inn á félagsliðabréu og afla sér réttinda sem félagsliðar.

Tryggingastofnun ríkisins

Starfsmennt hélt þrjú námskeið fyrir starfsfólk Tryggingastofnunar ríkisins sem voru mjög vel sótt. Þar var fjallað um *Einelti og kynferðislega áreitni á vinnustað, Stjórnun streitu og álags* og *Vinnuumhverfið*. Um 81 manns sóttu þessi námskeið. Þá var starfsfólk hvatt til að nýta sér almenn námskeið eins og *Þjónustustjórnun* og tölvunámskeið Starfsmenntar. Stofnunin dró tímabundið úr þátttöku sinni í nám vegna anna og yfirvofandi skipulagsbreytinga á haustönninni.

Vinumálaskólinn – námsleið fyrir starfsfólk Vinnumálastofnunar

Námsleiðin sem telur 100 stundir var unnin í samstarfi Vinnumálastofnunar og Fræðslusetursins Starfsmenntar og sérhönnuð fyrir starfsfólk um allt land. Námið fór af stað á árinu 2008 og var fyrirhugað að ljúka því í lok ársins 2009. Vegna anna hjá stofnuninni vegna aukins atvinnuleysis var náminu slegið á frest þar til síðar. Mjög góð þátttaka var um allt land og var boðið upp á 9 titla í Reykjavík sem stundum voru fjarkenndir og 7 titla á Sauðárkróki. Námskeiðin *Leiðsögn og ráðgjafafærni* og *Síðfræði og fagmennska í starfi* voru fjarkennd frá Reykjavík til Akureyrar, Ísafjarðar, Hvammstanga, Egilsstaða og Blönduóss. Fjöldi á hverju námskeiði í Reykjavík var um 24-35 manns. Á Sauðárkróki sátu að jafnaði 13-15 manns hvert námskeið. Starfsmennt greiddi ferða- og dvalarstyrki til félagsmanna samkvæmt reglum setursins og var almennt mikil ánægja meðal þátttakenda með samstarfið og framkvæmdina.

Vísdomur – námsleið fyrir starfsmenn héraðsdómstóla

Árið fór vel af stað hjá Vísdomi en heldur dró úr námskeiðspáttöku á haustönninni sökum anna hjá stofnuninni. Fjögur námskeið voru haldin á vorönninni en tvö á haustönninni hjá embættunum. Námskeiðin voru starfstengd og sérhæfð eins og *Greiðsluaðlögun og Lög um meðferð sakamála* en önnur almenn eins og *Að þekkja þarfir þjónustubega, Almenn siðfræði starfsins, Líkamsbeiting og vinnuvernd og Að takast á við breytingar*. Stýrihópurinn hittist einu sinni á önn til að meta námið og ákveða framhaldið en í honum eiga sæti auk Starfsmenntar jafnt hlutfall starfsmanna og stjórnenda ásamt framkvæmdastjóra Dómstólaráðs.

Almenn námskeið og tölvunám

Almenn námskeið Starfsmenntar eru opin öllum þvert á stofnanir eða starfsgreinar. Hér má finna námskeið sem efla almenna starfshæfni og koma til móts við auknar kröfur sem gerðar eru til starfsmanna. Margskonar námskeið eru í boði um stjórnun, tungumál, eflingu sjálfstrausts sem grunn að góðum samskiptum eða sérhæft nám sem varðar ákveðin starfssvið þvert á stofnanir. Hlutur almennra þverfaglega námskeiða jókst á árinu m.a. vegna þess að boðið var upp á nýtt nám og oft lengra en áður og stundum einingabært. Þá sóttu margir fjarkennd námskeið um tölvur og tölvunotkun en þar er kennt á helstu forrit og veitt grunnþjálfun í tölvutækni til að auðvelda starfsmönnum að takast á við flóknari aðgerðir.

Árangursrík kennsla og námsumhverfi á netinu

Starfsmennt býður einu sinni á ári upp á kennslufræðinámskeið fyrir leiðbeinendur sína til að kynna helstu áherslur í kennsluaðferðum og sérstöðu fullorðinsfræðslu. Að þessu sinni var námskeiðið tvískipt í annarsvegar *Árangursríka kennslu* og hinsvegar *Nýtt námsumhverfi á netinu*. Námskeiðin voru bæði vel sótt af 37 þátttakendum sem ýmist kenna á námskeiðum Starfsmenntar, taka þátt í stýrihópum eða hafa unnið sem ráðgjafar fyrir setrið.

Enska fyrir atvinnulífið

Þessi hagnýtu námskeið hafa verið afar vel sótt frá því þau hófust árið 2007 og hafa þátttakendur bæði geta valið þau út frá getustigi, starfi eða að fá þátttökuna metna til eininga. Vaxandi eftirspurn er eftir hagnýtu og starfstengdu tungumálanámi sem eykur öryggi starfsfólks í að tjá sig og miðla upplýsingum. Því hefur verið boðið upp á ensku fyrir atvinnulífið um allt land í samstarfi við símenntunarmiðstöðvarnar. Alls stunduðu 47 manns 20-30 stunda nám um allt land og flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 20 manns hjá Námsflokkum Hafnarfjarðar. Það voru 10 manns sem stunduðu enskunám hjá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Einnig var boðið upp á hagnýtt dönskunám á vorönninni sem 6 manns sóttu hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og 7 manns á Akureyri. Þá vann Starfsmennt með MK að starfstengdu einingabæru enskunámi sem 24 manns stunduðu á árinu.

Fjarkennt tölvunám

Þetta fjarnám hefur notið mikilla vinsælda hjá Starfsmennt og var boðið upp á sjö námskeiðstitla bæði vor- og haustönn. Á hvorri önn er boðið upp á 80 stunda grunnnámskeið og 6 framhaldsnámskeið sem hvert um sig er 26 stundir. Markmið með tölvunáminu er að efla almennt tölvulæsi starfsmanna og gera þá þannig færari í að takast á við sérhæfðari verkefni og flóknari tölvuvinnslu. Um 399 skráningar fóru fram á tölvunámið sem er fækkun frá fyrra ári en í samantekt á náminu mátti sjá að stór hópur einstaklinga sækir mörg námskeið um leið og nýliðun er ekki mikil. Þá kom einnig fram að konur eru í miklum meirihluta þátttakenda eða 83% en síður karlar og síður ungt fólk. Um 88% þátttakenda eru eldri en 40 ára og þar af 22% 60 ára og eldri.

Framrás og Rekspölur

Framrásarnámskeiðin hafa verið í boði í mörg ár og skiptast þau í þrjú þemu. *Framrás 1 - Ég og starfið* (36 kst) fjallar um gæði samskipta og góðrar sjálfsmyndar og hefur það iðulega verið vel sótt. Þátttakendur í því námi voru 20 á árinu sem er þó tiltölulega minna en á síðasta ári. Einnig var boðið upp á *Framrás 3- Verkefnastjórnun og markmiðasetning* (40 kst) í Reykjavík og á Akureyri. Það nám var fellt niður vegna dræmrar þátttöku. *Rekspölur I og II* eru 60 stunda námskeið þar sem lögð áhersla á persónulega hæfni einstaklingsins, almenna þekkingu á innviðum samfélagsins og samspili einkalífs og starfs. Boðið var upp á Rekspöl tvisvar á árinu og tóku 26 manns þátt.

Mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu

Þetta 32 stunda nám var sett upp til að gefa starfsfólki yfirsýn yfir uppbyggingu mannauðs og hæfni innan ríkisstofnana. Áhersla er lögð á skipulagningu og stjórnun starfsmannamála og að gefa yfirsýn yfir fræðasviðið sem og hagnýt verkfæri. Námið hófst í nóvember 2008 og hefur verið vel sótt síðan en 19 manns stunduðu námið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Starfsmennt fékk Háskólann á Akureyri til að fjarkenna námið utan höfuðborgarsvæðisins og gátu nemendur ráðið hvort þeir þreyttu próf til eininga eða ekki. 16 manns stunduðu námið á Akureyri og 2 voru við fjarenda annarsvegar á Egilsstöðum og hinsvegar á Ísafirði.

Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum

Þetta nýja nám á vegum Starfsmenntar var hannað á árinu og sett upp í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands um haustið. Það er 52 stunda langt og ætlað samstarfsfólki stjórnenda sem þurfa að búa yfir fjölbreyttri hæfni til að auðvelda framgang verkefna og tryggja efndir. Námið fékk strax mjög góðar viðtökur og skráðu 20 sig til leiks og 16 luku náminu. Ákveðið var að bjóða upp á námið vegna mikillar eftirspurnar í fjarkennslu víðs vegar um landið síðar og þykir námið svara þörf starfsmanna til að takast á við fjölbreytt verkefni og aukna ábyrgð.

Verkefnastjórnun – vinnulag sem virkar

Starfsmennt hefur boðið upp á þetta hnitmiðaða nám um *Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar* í 3 ár og hefur það alltaf verið vel sótt. Náminu er ætlað að kynna aðferðir og tæki verkefnastjórnunar til að auðvelda starfsfólki að koma verkefnum af stað og tryggja yfirsýn og efndir. Námið var lengt á árinu úr 16 stundum í 24 stundir og meiri áhersla lögð á samskipti og upplýsingamiðlun innan verkefna. Farið er í markmiðasetningu, framkvæmdar-, verk- og kostnaðaráætlun ásamt kynningarstarfi og mati. Boðið var upp á fjarkennslu í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar úti á landi. Um 32 manns stunduðu námið í Reykjavík sem haldið var hjá Endurmenntun Háskóla Íslands á báðum önnum. Þá stunduðu 12 þátttakendur samanlagt námið í fjarnámi á Egilsstöðum, Ísafirði og á Selfossi.

Þjónustustjórnun

Starfsmennt setti upp nýtt nám um *Þjónustustjórnun* í samstarfi við Margréti Reynisdóttur. Um stutt fjarkennt námskeið var að ræða þar sem þátttakendur gætu horft á 6 örmyndbönd og leyst heimaverkefni. Í framhaldi af því gátu þátttakendur valið hvort þeir vildu sitja 20 stunda námskeið þar sem farið var ítarlegra í hvern þjónustubátt fyrir sig með fyrirlestrum, umræðum og verkefnum. Fjarkennda þjónustustjórnunarnámskeiðið var vel sótt af 39 þátttakendur en staðbundna námið féll niður. Þá voru haldin nokkur minni námskeið eins og um *Starfsanda og samstarfsvilja*, *Að tjá sig án kvíða*, um *Upplýsinga- og skjalastjórnun* og *Starfsmannasamtöl*. Þessi minni námskeið sem voru opin öllum féllu sum niður á árinu en hlutar þeirra nýttust sem farandfyrirlestrar sem stofnanir kölluðu eftir.

Þjónusta við stofnanir

Starfsmennt veitir stofnunum fjölbreytta þjónustu til að greiða leið lærdóms á vinnustað og efla mannauð stofnana. Þessari þjónustu má skipta í fernt: Ráðgjafa að láni sem ætlað er að styðja við mannauð stofnana og hönnun náms, farandfyrirlestra sem stofnanir geta kallað eftir, náms- og starfsráðgjöf, styrkjasókn og þróunarstarf.

Ráðgjafi að láni

Verkefnið Ráðgjafi að láni hefur verið lengi við lýði hjá Starfsmennt og hafa hátt á sjötta tug stofnana óskað eftir þjónustunni. Þá er það til marks um gæði ráðgjafarinnar að algengt er að stofnanir kalli eftir framhaldsvinnu ráðgjafans til að leggja enn betri grunn að markvissri mannauðsstjórnun. Helstu viðfangsefni ráðgjafanna sem Starfsmennt semur við, eru margskonar vinnustaðargreiningar, greiningar á fræðsluþörf, námslýsingar, hæfnislýsingar eða aðstoð við gerð starfsmanna-, jafnréttis- og heilsustefnu. Þá hefur ráðgjafinn einnig aðstoðað við innleiðingu starfsmannasamtala. Verkefni ráðgjafans eru öll á sviði mannauðsefninga og kostar Starfsmennt vinnuna að því gefnu að hún nýtist félagsmönnum aðildarfélaganna. Í ljósi ástandsins í dag þar sem margir ríkisstarfsmenn starfa undir miklu álagi hefur Starfsmennt aðlagð þjónustuna meir í átt að handleiðslu og stuðningi við starfsfólk til að takast á við erfið mál og aukið álag í starfi. Útgjöld vegna verkefnisins jukust um 73 % milli ára. Fimm ráðgjafar unnu neðangreind sjö verkefni á árinu:

Vinumálastofnun – Handleiðsla á fjórum svæðisvinnumiðlunum og stuðningur við starfsfólk og stjórnendur

Héraðsdómur Reykjaness – Mannauðs- og fræðslumál stofnunarinnar

Dómstólaráð - Starfsmannastefna og starfsmannasamtöl

Lánasjóður íslenskra námsmanna – Stjórnendabjálfun, starfsmannasamtöl og þjónusta

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins o.fl. – Hæfnislýsingar starfsmanna á heilbrigðissviði

Félagliðar – Þróun framahaldsnáms fyrir félagliða í samstarfi við Borgarholtsskóla

Tryggingastofnun ríkisins – Úttekt á mannauðs- og fræðslumálum stofnunarinnar

Farandfyrirlestrar

Starfsmennt býður upp á fjölbreytt úrval farandfyrirlestra þar sem ríkisstofnanir geta valið áhugavert viðfangsefni á tíma sem þeim hentar best. Farandfyrirlestrarnir geta nýst vel á starfsdögum og fræðslufundum stofnana. Markmiðið er að efla símenntun og starfsþróun ríkisstarfsmanna með því að gefa þeim kost á utanaðkomandi sérfræðingum til að fjalla um það sem efst á baugi hverju sinni. Fræðslan getur nýst starfsfólki og stjórnendum á margan hátt. Hún getur verið þeim hvatning til að breyta og bæta, vakið upp spurningar eða skapað umræður og ný sjónarhorn. Með farandfyrirlestrunum vill Starfsmennt ýta undir þátttöku, samræðu og samstarf starfsfólks og stjórnenda um símenntun og starfsþróun og efla námsmenningu vinnustaða, þar sem fræðslan fer fram. Eftirtaldir stofnanir kölluðu eftir þjónustunni á árinu sem jókst lítillega á milli ára:

Stofnun	Heiti fyrirlesturs
Lánasjóður íslenskra námsmanna	Að takast á við erfiða viðskiptavini, símsvörun
Heilsugæslan í Kópavogi	Tímastjórnun, Vellíðan í vinnunni
Skálatún	Efling liðsheildar – 2 námskeið, Að takast á við breytingar, Starfsmannasamtöl
Íbúðalánasjóður	Einelti á vinnustað í Reykjavík og á Sauðárkróki
Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Austurlandi	Að takast á við breytingar
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	Að veita góða þjónustu
Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Vestfjörðum	Breytingastjórnun

Þróunarverkefni

Mörg þróunarverkefni voru unnin á árinu þar sem fyrirséð var að breyting yrði á námskeiðahaldi vegna álags á starfsmenn og stofnanir. Margar námsleiðir voru þróaðir í samstarfi við stýrihópa, stofnanir og sérfræðinga eins og Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum, Talsmaður lærdóms, Nám fyrir starfsfólk á innheimtusviði tollstjóra, námslotur fyrir ýmsa starfmenn á heilbrigðissviði, framhaldsnám fyrir félagsliða, Launaskólinn og Nýr vettvangur fyrir atvinnuleitendur. Þá var unnið að nýrri framsetningu starfsmenntunar fyrir stofnanir til að auðvelda yfirsýn og uppsetningu símenntunaráætlana. Þá var einnig unnið að nýjum útgáfuverkefnum í samstarfi við hönnuði til að auka sýnileika á gæðastarfi setursins og minna á mikilvægi símenntunar. Evrópsku mannaskiptaverkefni lauk á árinu með vikukynnisferð 5 styrkþega frá 3 mismunandi stofnunum til Kaupmannahafnar í byrjun júní en þá höfðu 19 sérfræðingar í símenntun og mannauðsmálum hlotið styrki frá Starfsmennt yfir tveggja ára tímabil til að kynna nýjungum í sínu fagi erlendis. Starfsmennt skilaði lokaskýrslu um verkefnið til Menntaáætlunar ESB sem var samþykkt.

Þá sótti Starfsmennt um nokkur verkefni til starfsmenntaráðs og fékk tvö þeirra samþykkt. Stærra verkefnið fékk 1,5 milljón í styrk til að vinna að rafrænum hæfnislýsingum starfsmanna í félags- og heilbrigðisþjónustu og samþætta sí- og endurmenntun eftir föngum. Seinna verkefnið var samstarfverkefni við fjölmarga aðila sem koma að símenntun og fólst í að kynna fyrir náms- og starfsráðgjöfum framhaldskólanna símenntunarleiðir á vegum símenntunarmiðstöðva, fræðslusetra og fullorðinsfræðsluaðila utan formlega skólakerfisins. Markmiðið með þeirri umsókn var að auka þekkingu ráðgjafanna á tilvist og sérstöðu símenntunar og fjölbreyttum námsmöguleikum sem nýta má fyrir fullorðna ráðþega sem hyggja á nám. Undir lok ársins tók Starfsmennt einnig þátt í því að móta náms- og starfsráðgjöf fyrir atvinnuleitendur í samstarfi við fleiri hagsmunaðila til að auka þátttöku þeirra í námi og virkniúrræðum.

Lokaorð

Fræðslusetrið Starfsmennt hélt áfram að vaxa á árinu og styrkti stöðu sína sem veitandi náms og þjónustu til opinberra starfsmanna og stofnana. Innan setursins hefur byggst upp mikil þekking á sérstöðu starfa hjá ríkinu þar sem gildi fagmennsku, gæða og jafnræðis endurspeglast í símenntun og tryggt er að starfsmenn hafi aðgang að starfstengdu námi og uppfærslu þekkingar. Á þann hátt halda starfsmenn virði sínu á vinnumarkaði óháð menntun og hvaða störfum er sinnt og eiga betri möguleika á að takast á við ný og breytt verkefni. Slík aðlögun skiptir miklu máli þegar horft er til framtíðarhæfni starfa og þróun starfsumhverfis.

Setrið sýndi nauðsynlegan sveigjanleika á árinu og gat brugðist við breyttri stöðu með breytingum á áherslum og verkefnum. Margskonar nýtt nám var þróað ásamt úrræðum sem auðvelda eiga framsetningu á markvissri áætlun í símenntun þar sem markmið stofnana og hæfnisuppbygging starfsmanna ríma saman. Brýnt er að ná aftur eyrum stjórnenda og starfsmanna um mikilvægi símenntunar og starfsþróunar á álagstímum m.a. með vönduðu kynningarefni, heimsóknum, mannauðsefningu á vinnustöðum og eintaklingsráðgjöf. Símenntun er samofin þróun starfa og á að vera sjálfsgöður hluti þeirra. Til að auðvelda þátttöku í símenntun þurfa allir hagsmunaaðilar í fullorðinsfræðslu að leita leiða til að meta starfstengt nám til raunverulegra framhaldsskólalæninga þannig að öll reynsla og þekking nýtist og yfirfærast milli mismunandi kerfa. Einnig þarf að endurhugsa kennslu, fyrirkomulag og matsaðferðir í starfstengdri símenntun þar sem fjölbreyttar nálganir eiga að njóta sín. Í breiðu samstarfi allra sem málið varðar aukast líkur á faglegri uppbyggingu heilstæðs símenntunarkerfis sem kallast á við önnur skólastig, virðir sérstöðu og svarar ólíkum fræðsluþörfum.

Starfsmennt býr að öflugum mannauði sem felst í vel menntuðu starfsfólki og ráðgjafa sem njóta trúverðugleika vegna langrar starfsreynslu. Starfsmennt býr einnig að því að hafa hannað heildstæðar starfstengdar námsleiðir í gegnum árin sem auðvelt er að endurvinnna til eininga til að auka skýrleika og gegnsæi í námi fullorðinna. Þá hefur Starfsmennt efnt til margskonar samstarfs við fjölmarga aðila sem koma að menntun starfsfólks og alltaf leitast við að finna verkefnum faglegt form og skilvirka framkvæmd. Eftirtektarvert var á árinu hve mikinn áhuga utanfélagsmenn sýndu starfsemi setursins en um leið var greinilegt að ná þarf til og virkja stóran hluta félagsmanna innan bæði minni og stærri aðildarfélaganna. Öflugt kynningarstarf og vitundarvakning um mikilvægi símenntunar er viðvarandi verkefni og leita þarf fleiri leiða til að styðja enn betur við stofnanir og námsmenningu þeirra.

Þróun stofnanaskóla er á dagskrá Starfsmenntar þar sem fyrirhugað er að þróa og setja stofnananám í formlegri farveg. Gert er ráð fyrir sameiginlegu námi fyrir opinbera starfsmenn þvert á stofnanir ásamt síðar sérhæfðum hluta og vali fyrir mismunandi starfsgreinar og starfssvið. Með þessu móti styrkjast ríkisstarfsmenn í störfum sínum og standa traustari fótum innan flókens regluverks og faglegra ramma. Annað forvitnilegt verkefni sem Starfsmennt hóf á árinu var að þróa hæfnislýsingar með styrk frá Starfsmenntaráði þar sem greindir eru helstu hæfnisþættir starfa sem nýta má til ákvörðunar á fræðslu, starfsþróunarmöguleikum og við ráðningar. Það verkefni er unnið í samstarfi fjölmargra aðila og ætlað að setja fram einfalt greiningartæki sem eykur líkur á notkun, skýrleika í framsetningu og tengslum náms og starfa. Margar aðrar nýjungar og áskoranir eru framundan um eflingu gæða, samstarfs og þátttöku í símenntun þar sem hagur einstaklinga, atvinnulífs og samfélags er í fyrirrúmi. Starfsmennt getur verið leiðandi á því sviði og hefur yfir að ráða bæði þekkingu og reynslu til að svara aðkallandi áskorunum um heildstæðari og sjálfsgöðari starfstengda símenntun. Um það vitna þau fjölmörgu verk sem unnin voru á árinu, öflug samstarfsnet, fagleg vinnubrögð og metnaðarfull framtíðarsýn setursins.

Skráningar á námskeið 2009

Námskeið	Dagsetning	Skráning	Lengd
Að eiga við sorg, reiði og þirring viðskiptavina-LÍN	24.3.2009	26	4
Að tjá sig án kvíða	21.10.2009	10	16
Aukin hæfni-Starfstengd enska fyrir heilbrigðisritara	4.3.2009	17	24
Aukin hæfni-Úrval fyrra náms	27.4.2009	3	20
Aukin hæfni-Þjónustustjórnun	8.10.2009	15	20
Á vettvangi - Aðstoðarmaður stjórnanda	16.3.2009	17	20
Á vettvangi - Starfstengd enska	25.11.2009	12	12
Á vettvangi - SPSS gagnavinnsla - Reykjavík og Akureyri	20.4.2010	4	40
Á vettvangi - Trúnaður og miðlun upplýsinga (20 kst)	26.10.2009	14	20
Áfengis-og vímuefnaráðgjafar -Kennslulota 3-Fagleg vímuefnaráðgjöf	17.9.2009	20	25
Árangursrík kennsla	17.2.2009	20	16
Enska fyrir atvinnulífið - talmál (metin til eininga) Kópavogur	18.9.2009	24	20
Enska fyrir atvinnulífið - talmál-Akureyri	24.9.2009	9	20
Enska fyrir atvinnulífið - talmál-Egilsstaðir	29.9.2009	1	20
Enska fyrir atvinnulífið - talmál-Ísafjörður	7.10.2009	3	24
Enska fyrir atvinnulífið (I) - talmál - Suðurland	4.2.2009	1	24
Enska fyrir atvinnulífið (II) - talmál- Norðurland	5.2.2009	10	20
Enska fyrir atvinnulífið (III)-talmál	28.1.2009	3	24
Enska fyrir atvinnulífið-Hafnarfjörður	21.9.2009	20	16
Félagsliðabréu Borgarholtsskóli- staðbundið nám vor 2010	8.1.2020	13	einingar
Félagsliðabréu Borgarholtsskóli- staðbundið nám haust 2010	2.9.2010	16	einingar
Félagsliðabréu Borgarholtsskóli- dreifnám vor 2010	8.1.2020	22	einingar
Félagsliðabréu Borgarholtsskóli- dreifnám haust 2010	2.9.2010	22	einingar
Félagsliðabréu Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	20.1.2010	10	einingar
Félagsliðabréu Mímir símenntun ehf.	20.1.2010	3	einingar
Framrás 1 - Ég og starfið	12.10.2009	14	36
Framrás 1 - Ég og starfið	26.1.2009	6	36
Framrás 3 - Markviss vinnubrögð og vinnuumhverfi	20.4.2009	3	40
Framrás 3 - Markviss vinnubrögð og vinnuumhverfi	11.3.2009	2	40
Færnimappa og áhugasvið	12.10.2009	5	9
Gæðældhús	17.2.2009	3	8
Hagnýt danska	16.2.2009	6	16
Hagnýt danska	2.2.2009	7	24
Heilsa - Gagnavinnsla SPSS (20 kst) - Akureyri	22.9.2009	3	20
Heilsa - Mannauðsstjórnun og samskipti	29.1.2009	4	20
Járnsíða - Dánarbú	19.2.2009	14	8
Járnsíða - Innheimta skatta og gjalda	19.11.2009	14	8
Járnsíða - Innheimta skatta og gjalda- Egilsstaðir	30.1.2009	22	4
Járnsíða - Sifjamál	20.2.2009	18	8
Járnsíða - Skattuumhverfið	14.5.2009	20	6

Járnsíða - Starfstengd enska	21.4.2009	5	16
Járnsíða - Viðbrögð við áföllum á vinnustað	25.9.2009	14	4
Járnsíða - Þjónustustjórnun - Kópavogur	22.10.2009	4	16
Miðlun upplýsinga og góð þjónustulund	23.2.2009	5	8
Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum-NÝTT	5.10.2009	20	52
Nám í mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu	16.11.2009	19	32
Nám í mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu-Akureyri	20.1.2009	16	32
Nám í mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu-Fjarnám-Egilsstaðir	20.1.2009	2	32
Nám í mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu-Fjarnám-Ísafjörður	20.1.2009	1	32
Nýtt námsumhverfi á netinu-NÝTT	2.4.2009	17	6
Rekspölur 2	24.2.2009	4	60
Rekspölur 2 - Allur dagurinn	27.3.2009	26	60
Sjúkraliðar - Réttindi sjúklinga	27.4.2009	53	6
Sjúkraliðar-Eru breytingar í vinnuumhverfi þínu?	17.3.2009	22	4
Skálatún-Að takast á við breytingar	30.9.2009	18	4
Skálatún-Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn	14.1.2009	29	4
Skrifstofubraut I í fjarnámi - Raunfærnimat	11.9.2009	8	
Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) - 1. önn	11.9.2009	30	
Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) 2.önn	11.9.2009	7	
Starfsandi og samstarfsvilji	14.10.2009	10	12
Starfsmannasamtöl - fyrir starfsmenn (opið öllum)	20.10.2009	8	4
Starfsmannasamtöl - fyrir stjórnendur	27.1.2009	18	8
Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám	5.10.2009	41	80
Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám -FJARNÁM- Vestfirðir	9.3.2009	8	80
Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám-FJARNÁM	9.3.2009	4	80
Starfsnám stuðningsfulltrúa - grunnnám	31.8.2009	64	160
Stoð - Samskipti og sjálfstraust	10.2.2009	17	12
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Austurlandi-Að takast á við breytingar	28.4.2009	41	3
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Ísafirði - Að takast á við breytingar	21.10.2009	29	4
Tollstjóri - Inngangur að lögfræði	15.9.2009	12	2
Tollstjóri - Meðferð persónulegra upplýsinga og upplýsingalög	29.10.2009	12	6
Tollstjóri - Samskipti, siðfræði og reglur á vinnustað	8.10.2009	10	12
Tollstjóri - Starfstengd enska I	10.11.2009	10	16
Tollstjóri - Stjórnsýsluréttur	17.9.2009	10	12
Tryggingastofnun - Excel framhaldsnámskeið fyrir BHM	20.10.2009	2	26
Tryggingastofnun-Einelti og kynferðisleg áreitni á vinnustað	26.5.2009	19	4
Tryggingastofnun-Stjórnun streitu og álags	25.11.2009	26	4
Tryggingastofnun-Vinnuumhverfið-Starfsmaður og heilsa	29.5.2009	36	3
Tölvur og tölvunotkun - Excel framhaldsnámskeið	20.10.2009	55	26
Tölvur og tölvunotkun - Excel framhaldsnámskeið	10.3.2009	3	26
Tölvur og tölvunotkun - Grunnám	29.9.2009	77	80

Tölvur og tölvunotkun - Grunnám	22.9.2009	3	80
Tölvur og tölvunotkun - Grunnám	10.3.2009	122	80
Tölvur og tölvunotkun - Grunnám NÝTT (Vista stýrikerfið og Office 2007)	29.9.2009	28	80
Tölvur og tölvunotkun - Grunnám NÝTT (Vista stýrikerfið og Office 2007)	17.2.2009	1	80
Tölvur og tölvunotkun - Myndvinnsla	10.11.2009	94	26
Tölvur og tölvunotkun - Myndvinnsla	31.3.2009	2	26
Tölvur og tölvunotkun - Outlook	29.9.2009	28	26
Tölvur og tölvunotkun - PowerPoint	20.10.2009	27	26
Tölvur og tölvunotkun - PowerPoint	10.3.2009	1	26
Tölvur og tölvunotkun - Publisher	10.11.2009	38	26
Tölvur og tölvunotkun - Publisher	3.11.2009	2	26
Tölvur og tölvunotkun - Word framhaldsnámskeið	1.12.2009	40	26
Upplýsinga- og skjalastjórn	23.11.2009	35	10
Upplýsinga- og skjalastjórn-Fjarnám-Blönduós	28.4.2009	1	10
Verkefnastjórn - vinnulag sem virkar	26.2.2009	15	16
Verkefnastjórn (aukaverkefni)	17.8.2009	3	6
Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-Fjarnám-Akureyri -NÝTT	28.10.2009	3	24
Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-Fjarnám-Egilsstaðir-NÝTT	28.10.2009	3	24
Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-Fjarnám-Ísafjörður-NÝTT	28.10.2009	2	24
Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-Fjarnám-Selfoss-NÝTT	28.10.2009	4	24
Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-NÝTT	28.10.2009	17	24
Viðtalstækni	27.11.2009	8	4
Vinumálaskólinn- Miðlun upplýsinga og þjónustulund	3.4.2009	29	4
Vinumálaskólinn- Siðfræði og fagmennska í starfi	17.4.2009	39	4
Vinumálaskólinn- Viðtalstækni	29.5.2009	36	4
Vinumálaskólinn-Að takast á við erfiða einstaklinga	15.5.2009	32	4
Vinumálaskólinn-Að takast á við erfiða einstaklinga	8.4.2009	13	4
Vinumálaskólinn-Að tjá sig án kvíða	11.6.2009	36	8
Vinumálaskólinn-Viðtalstækni	8.5.2009	28	4
Vinumálaskólinn-Að tjá sig án kvíða	8.5.2009	13	8
Vinumálaskólinn-Leiðsögn og ráðgjafafærni	4.9.2009	42	8
Vísdomur - Að þekkja þarfir þjónustuþega og veita góða þjónustu	23.3.2009	11	4
Vísdomur - Almenn siðfræði og siðfræði starfsins	18.5.2009	15	4
Vísdomur - Greiðsluáðlögun	9.9.2009	25	4
Vísdomur - Líkamsbeiting og vinnuvernd	18.2.2009	21	6
Vísdomur - Lög um meðferð sakamála	23.11.2009	12	4
Vísdomur-Að takast á við breytingar	26.1.2009	14	4
Þjónustustjórnun	3.11.2009	8	20
Þjónustustjórnun-Fjarkennt-NÝTT	2.11.2009	39	4
		2158	1452